

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/789

2024/EES/11/62

frá 17. apríl 2019

um reglur um nýtingu höfundarréttar og skyldra réttinda sem gilda um tiltekna netútsendingar
útvarpsfyrirtækja og endurvarp hljóðvarps- og sjónvarpsefnis og um breytingu á
tilskipun ráðsins 93/83/EBE (*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 53. gr. og 62. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að stuðla að eðlilegri starfsemi innri markaðarins er nauðsynlegt að kveða á um viðtækari miðlun á hljóðvarps- og sjónvarpsefni í aðildarríkjunum, sem er upprunnið í öðrum aðildarríkjum, í þágu notenda í Sambandinu með því að auðvelda leyfisveitingar vegna höfundarréttar og skyldra réttinda á verkum og öðru vernduðu efni sem er að finna í útsendingum á tilteknum tegundum hljóðvarps- og sjónvarpsefnis. Hljóðvarps- og sjónvarpsefni gegnir mikilvægu hlutverki við að efla fjölbreytileika í menningu og tungumálum og félagslega samheldni og að auka aðgengi að upplýsingum.
- 2) Þróun stafrænnar tækni og Netsins hefur gjörbreytt dreifingu hljóðvarps- og sjónvarpsefnis og aðgengi að því. Notendur vænta þess í auknum mæli að geta haft aðgang að hljóðvarps- og sjónvarpsefni, bæði í beinni útsendingu og með þóntunarþjónustu, eftir hefðbundnum leiðum, s.s. um gervihnött eða kapal, og einnig með netþjónustu. Útvarpsfyrirtæki eru því í auknum mæli farin að bjóða, auk eigin útsendinga á hljóðvarps- og sjónvarpsefni, upp á netþjónustu til viðbótar við slíkar útsendingar, s.s. samtímaútsendingar og tímaflakksþjónustu. Rekstraraðilar endurvarpsþjónustu, sem taka útsendingar hljóðvarps- og sjónvarpsefnis saman í pakka og bjóða notendum á sama tíma og upprunaleg útsending þeirra fer fram, óbreytt og óstýtt, nota ýmiss konar tækni við endurvarpið, s.s. kapalkerfi, gervihnattanet, stafræn net um jarðstöðvakerfi og farnet eða lokuð netkerfi sem grundvallast á IP-samskiptareglum, og einnig Netið sem er opið. Enn fremur hafa rekstraraðilar, sem dreifa hljóðvarps- og sjónvarpsefni til notenda, nýtt sér ólíkar leiðir til að ná dagskrármerkjum útvarpsfyrirtækjanna, m.a. beina vörpun. Vaxandi eftirspurn er af hálfu notenda eftir aðgangi að útsendingum á hljóðvarps- og sjónvarpsefni sem kemur ekki aðeins frá þeirra eigin aðildarríki heldur einnig öðrum aðildarríkjum. Á meðal þessara notenda eru notendur sem eru í tungumálaminnihluta í Sambandinu og fólk sem býr í öðru aðildarríki en upprunaaðildarríki sínu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 82. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 332/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 125, 21.4.2017, bls. 27.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 28. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 15. apríl 2019.

- 3) Útvarpsfyrirtæki senda út hljóðvarps- og sjónvarpsefni í margar klukkustundir á dag. Þessir dagskrárliðir innihalda margs konar efni, s.s. hljóð- og myndmiðlaverk, tónverk, bókmenntaverk eða grafísk verk sem njóta samkvæmt lögum Sambandsins verndar af höfundarrétti eða skyldum réttindum eða hvoru tveggja. Þetta leiðir af sér flókið ferli við afgreiðslu réttindamála gagnvart fjölda réttihafa og vegna ólíkra flokka verka og annars verndaðs efnis. Oft þarf að afgreiða slík réttindamál á skömmum tíma, einkum við gerð dagskrárliða á borð við fréttir eða fréttatengda þætti. Til að geta boðið netþjónustu sína yfir landamæri verða útvarpsfyrirtæki að hafa tilskilin réttindi að verkum og öðru vernduðu efni fyrir öll viðkomandi yfirráðasvæði sem gerir afgreiðslu réttindamála enn flóknari.
- 4) Rekstraraðilar endurvarpsþjónustu bjóða almennt upp á margs konar efni sem samanstendur af miklum fjölda verka og annars verndaðs efnis og hafa mjög stuttan tíma til að afla sér nauðsynlegra leyfa og standa því frammi fyrir verulegri byrði vegna afgreiðslu réttindamála. Sú hættu er einnig fyrir hendi að verk og annað verndað efni höfunda, framleiðenda og annarra réttihafa sé notað án leyfis eða viðeigandi endurgjalds. Slíkt endurgjald fyrir endurvarp verka þeirra og annars verndaðs efnis er mikilvægt til að tryggja fjölbreytt framboð á efni sem er neytendum einnig í hag.
- 5) Réttindi til verka og annars verndaðs efnis eru samræmd m.a. með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB ⁽³⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB ⁽⁴⁾ sem veita réttihöfum mikla vernd.
- 6) Tilskipun ráðsins 93/83/EBE ⁽⁵⁾ auðveldar útsendingar milli landa um gervihnött og endurvarp hljóðvarps- og sjónvarpsefnis um kapalkerfi frá öðrum aðildarríkjum. Hins vegar takmarkast ákvæði þeirrar tilskipunar um útsendingar útvarpsfyrirtækja við útsendingar um gervihnött og gilda því ekki um netþjónustu sem kemur til viðbótar útsendingum. Enn fremur takmarkast ákvæðin varðandi endurvarp hljóðvarps- og sjónvarpsefnis frá öðrum aðildarríkjum við óbreytt og óstytt samtímaendurvarp um kapalkerfi eða örbylgjukerfi en taka ekki til endurvarps með annars konar tækni.
- 7) Af þeim sökum ætti að greiða götu netþjónustu yfir landamæri, sem kemur til viðbótar útsendingum, og endurvarps hljóðvarps- og sjónvarpsefnis sem er upprunnið í öðrum aðildarríkjum með því að aðlaga lagarammann um nýtingu höfundarréttar og skyldra réttinda sem varðar slíka starfsemi. Við slíka aðlögun ætti að taka mið af fjármögnun og framleiðslu skapandi efnis, einkum hljóð- og myndmiðlaverka.
- 8) Tilskipun þessi ætti að taka til viðbótarnetþjónustu (e. ancillary online services) sem útvarpsfyrirtæki bjóða og hefur skýr og undirskipuð tengsl við útsendingar útvarpsfyrirtækisins. Þessi þjónusta tekur m.a. til þjónustu sem veitir aðgang að hljóðvarps- og sjónvarpsefni einungis í línulegri dagskrá, samtímis útsendingunni, og þjónustu sem veitir aðgang, innan skilgreinds tímabils frá útsendingunni, að hljóðvarps- og sjónvarpsefni sem útvarpsfyrirtækið hefur sent út áður, svokallaðar „tímaflakksþjónustu“. Auk þess tekur viðbótarnetþjónustan, sem heyrir undir þessa tilskipun, til þjónustu sem veitir aðgang að efni sem auðgar eða kemur á annan hátt til fyllingar því hljóðvarps- og sjónvarpsefni sem útvarpsfyrirtækið sendir út, m.a. með sýnishornum, með því að víkka út, bæta við eða gera kleift að gefa umsögn um efni viðkomandi dagskrárliðar. Þessi tilskipun ætti að gilda um viðbótarnetþjónustu sem útvarpsfyrirtæki veita notendum auk útvarpsþjónustunnar. Hún ætti einnig að eiga við um viðbótarnetþjónustu sem neytendum geta, þrátt fyrir að þjónustan hafi skýr og undirskipuð tengsl við útsendinguna, haft aðgang að óháð útvarpsþjónustunni, án þess að sett sé það skilyrði að notendur þurfi að afla sér aðgangs að þeirri útvarpsþjónustu, t.d. með áskrift. Þetta hefur ekki áhrif á frelsi útvarpsfyrirtækja til að bjóða slíka viðbótarnetþjónustu endurgjaldslaus eða gegn greiðslu. Veiting aðgangs að

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (Stjtið. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10).

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB frá 12. desember 2006 um leigu- og útlánsrétt og önnur tiltekin réttindi, tengd höfundarrétti, á sviði hugverkaréttar (Stjtið. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 28).

⁽⁵⁾ Tilskipun ráðsins 93/83/EBE frá 27. september 1993 um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og réttindi tengd höfundarrétti vegna útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal (Stjtið. EB L 248, 6.10.1993, bls. 15).

einstökum verkum eða öðru vernduðu efni, sem hefur verið fellt inn í hljóðvarps- eða sjónvarpsefni, eða að verkum eða öðru vernduðu efni, sem ekki tengist dagskrárlið sem útvarpsfyrirtækið sendir út, s.s. þjónustu sem veitir aðgang að einstökum tónverkum eða hljóð- og myndmiðlaverkum, hljómplötum eða myndböndum, t.d. sjónvarpsþjónustu eftir pöntun, ætti ekki að falla undir þá þjónustu sem tilskipun þessi tekur til.

- 9) Til að auðvelda afgreiðslu réttindamála vegna veitingar viðbótarnetþjónustu yfir landamæri er nauðsynlegt að setja meginreglu um upprunaland vegna nýtingar höfundarréttar og skyldra réttinda í tengslum við þær aðgerðir sem gerðar eru þegar viðbótarnetþjónusta er boðin, veittur aðgangur að henni eða hún notuð. Þessi meginregla ætti að ná yfir afgreiðslu allra réttinda sem nauðsynleg eru til að útvarpsfyrirtæki geti miðlað dagskrárliðum sínum til almennings eða gert þá aðgengilega almenningi þegar það veitir viðbótarnetþjónustu, þ.m.t. afgreiðslu réttindamála vegna hvers konar höfundarréttar eða skyldra réttinda á verkum og öðru vernduðu efni sem notað er í dagskrárliðunum, t.d. réttinda á hljóðritum eða flutningi. Meginreglan um upprunaland ætti að gilda einvörðungu um tengsl milli rétthafa eða aðila sem eru í fyrirsvari fyrir rétthafa, s.s. sameiginlegra umsýslustofnana, og útvarpsfyrirtækja og einungis í þeim tilgangi að bjóða, veita aðgang að eða nota viðbótarnetþjónustu. Meginreglan um upprunaland ætti ekki að gilda um síðari miðlun til almennings á verkum eða öðru vernduðu efni, um þráð eða þráðlaust, eða um það þegar verk eða annað verndað efni er síðar gert aðgengilegt almenningi, um þráð eða þráðlaust, með þeim hætti að almenningur getur fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kys, eða síðari eftirgerð verkanna eða annars verndaðs efnis sem er að finna í viðbótarnetþjónustunni.
- 10) Með hliðsjón af fjármögnunar- og leyfisveitingarfyrirkomulagi tiltekinna hljóð- og myndmiðlaverka, sem oft er byggt á veitingu sérstakra nytjaleyfa sem eru bundin við yfirráðasvæði, er við hæfi, að því er sjónvarpsefni varðar, að takmarka gildissvið meginreglunnar um upprunaland, sem sett er fram í þessari tilskipun, við tilteknar tegundir dagskrárliða. Á meðal þessara tegunda dagskrárliða ættu að vera fréttir og fréttatengdir þættir og eigin framleiðsla útvarpsfyrirtækisins, sem eingöngu það sjálf fjármagnar, einnig þegar það fjármagn til fjármögnunar, sem útvarpsfyrirtækið notar í framleiðslu sína, kemur úr opinberum sjóðum. Að því er þessa tilskipun varðar ætti að líta svo á að eigin framleiðsla útvarpsfyrirtækja taki til efnis sem útvarpsfyrirtæki framleiðir með eigin tilföngum en ekki til efnis sem útvarpsfyrirtækið lætur framleiða hjá óháðum framleiðendum eða með samframleiðslu. Af sömu ástæðu ætti meginreglan um upprunaland ekki að gilda um sjónvarpsútsendingar frá íþróttaviðburðum samkvæmt þessari tilskipun. Meginreglan um upprunaland ætti einungis að gilda þegar útvarpsfyrirtækið notar dagskrárliði í eigin viðbótarnetþjónustu. Hún ætti ekki að gilda um leyfisveitingar til þriðju aðila vegna eigin framleiðslu útvarpsfyrirtækis, þ.m.t. til annarra útvarpsfyrirtækja. Meginreglan um upprunaland ætti ekki að hafa áhrif á frelsi rétthafa og útvarpsfyrirtækja til að samþykkja, í samræmi við lög Sambandsins, takmarkanir, þ.m.t. svæðisbundnar takmarkanir, varðandi nýtingu á réttindum þeirra.
- 11) Meginreglan um upprunaland, sem sett er fram í þessari tilskipun, ætti ekki að leiða til þess að útvarpsfyrirtækjum verði skylt að miðla til almennings eða gera almenningi aðgengilega dagskrárliði í viðbótarnetþjónustu sinni eða að bjóða slíka viðbótarnetþjónustu í öðru aðildarríki en því þar sem það hefur aðalstarfsstöð sína.
- 12) Þar eð veiting viðbótarnetþjónustu, aðgangur að henni eða notkun hennar telst, samkvæmt þessari tilskipun, einvörðungu eiga sér stað í aðildarríkinu þar sem útvarpsfyrirtækið hefur aðalstarfsstöð sína, þrátt fyrir að í reynd sé hægt að bjóða slíka viðbótarnetþjónustu yfir landamæri til annarra aðildarríkja, er nauðsynlegt að tryggja að þegar greiðsla fyrir viðkomandi réttindi er ákveðin taki aðilarnir tillit til allra þátta viðbótarnetþjónustunnar, s.s. eiginleika þjónustunnar, þ.m.t. hversu lengi dagskrárliðir í þjónustunni verða í boði á Netinu, hlustenda/áhorfenda hennar, þ.m.t. í aðildarríkinu þar sem útvarpsfyrirtækið er með aðalstarfsstöð sína og í öðrum aðildarríkjum þar sem aðgangur er að viðbótarnetþjónustunni og hún notuð, og þeirra tungumálaútgáfa sem boðið er upp á. Þó ætti að vera mögulegt að nota sérstakar aðferðir til að reikna út fjárhæð greiðslu fyrir réttindi sem falla undir meginregluna um upprunaland, t.d. aðferðir byggðar á þeim tekjum sem útvarpsfyrirtækið hefur af netþjónustunni sem einkum útvarpsfyrirtæki, sem bjóða upp á hljóðvarp, nota.
- 13) Meginreglan um samningsfrelsi gerir það að verkum að áfram verður mögulegt að takmarka nýtingu þeirra réttinda sem meginreglan um upprunaland, sem sett er fram í þessari tilskipun, hefur áhrif á, að því tilskildu að slík takmörkun samrýmist lögum Sambandsins.

- 14) Rekstraraðilar endurvarpsþjónustu geta notað mismunandi tækni þegar þeir senda út til almennings óbreytt og óstytt samtímaendurvarp á upprunalegri útsendingu hljóðvarps- eða sjónvarpsefnis frá öðru aðildarríki. Rekstraraðilar endurvarpsþjónustu geta náð dagskrármerkjum útvarpsfyrirtækja, sem senda sjálf út þessi merki til almennings, með mismunandi hætti, t.d. með því að grípa merkin sem útvarpsfyrirtækin senda út eða með því að fá merkin beint frá þeim með tæknilegu ferli sem kallast bein vörpun. Þjónustu slíkra rekstraraðila er hægt að bjóða í gegnum gervihnattanet, stafræn net um jarðstöðvakerfi, farnet eða lokuð netkerfi sem grundvallast á IP-samskiptareglum og svipuð netkerfi eða með netaðgangsjónustu (e. internet access services), eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 ⁽⁶⁾. Rekstraraðilar endurvarpsþjónustu sem nota slíka tækni við endurvarp sitt ættu því að falla undir þessa tilskipun og njóta góðs af því fyrirkomulagi sem innleiðir skyldubundna sameiginlega umsýslu réttinda. Til að tryggja að fyrir hendi séu viðunandi verndarráðstafanir gegn óheimilli notkun verka og annars verndaðs efnis, sem er einkum mikilvægt þegar um er að ræða þjónustu sem greitt er fyrir, ætti endurvarpsþjónusta, sem boðin er gegnum netaðgangsjónustu (e. internet access services), einungis að heyra undir þessa tilskipun ef hún er veitt í umhverfi þar sem aðeins notendur, sem til þess hafa heimild, geta fengið aðgang að endurvarpinu og öryggisstig efnisins jafngildir öryggisstigi þess efnis sem sent er um stýrð net, s.s. um kapal eða lokuð net sem grundvallast á IP-samskiptareglum, þar sem efnið er dulkóðað við endurvörpun. Þessar kröfur ættu að vera raunhæfar og fullnægjandi.
- 15) Til að mega endurvarpa upprunalegum útsendingum hljóðvarps- og sjónvarpsefnis þurfa rekstraraðilar endurvarpsþjónustu að afla sér leyfis frá handhöfum einkaréttar á miðlun verka og annars verndaðs efnis til almennings. Til að veita rekstraraðilum endurvarpsþjónustu réttarvissu og vinna bug á ósamræmi í landslögum varðandi slíka endurvarpsþjónustu ættu að gilda svipaðar reglur og þær sem gilda um endurvarp um kapal, eins og skilgreint er í tilskipun 93/83/EBE. Samkvæmt reglum þeirrar tilskipunar er fyrir hendi skylda til að nýta réttinn til að veita eða synja rekstraraðila endurvarpsþjónustu um leyfi í gegnum sameiginlega umsýslustofnun. Samkvæmt þeim reglum helst rétturinn til að veita eða synja um leyfi óskertur og einungis eru settar vissar reglur um nýtingu þessa réttar. Réttthafar ættu að fá viðeigandi þóknun fyrir endurvarp verka sinna og annars verndaðs efnis. Þegar sanngjarnir leyfisveitingarskilmálar, þ.m.t. leyfisgjald, eru ákveðnir fyrir endurvarp í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/26/ESB ⁽⁷⁾ ætti m.a. að taka tillit til fjárhagslegs virðis af notkun á réttindunum í viðskiptum, m.a. þess virðis sem endurvarpsaðferðin er metin á. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á sameiginlega nýtingu réttarins til að fá í eingreiðslu sanngjarna þóknun til listflytjenda og framleiðenda hljóðrita fyrir miðlun til almennings á hljóðritum sem gerð eru í hagnaðarskyni, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2006/115/EB eða áhrif á tilskipun 2014/26/ESB, einkum ákvæði hennar varðandi rétt réttthafa til að velja sér sameiginlega umsýslustofnun.
- 16) Í þessari tilskipun ætti að heimila útvíkkun samninga, sem gerðir eru milli sameiginlegrar umsýslustofnunar og rekstraraðila endurvarpsþjónustu varðandi réttindi sem heyra undir skyldubundna sameiginlega umsýslu samkvæmt þessari tilskipun, þannig að þeir taki til réttinda réttthafa, sem njóta ekki fyrirsvars þessarar sameiginlegu umsýslustofnunar, en þeim rétthöfum er þó ekki heimilt að undanskilja verk sín eða annað efni beitingu þess fyrirkomulags. Ef fleiri en ein sameiginleg umsýslustofnun fer með umsýslu réttinda í tilteknum flokki á yfirráðasvæði aðildarríkis ætti það að vera aðildarríkisins að ákveða hvaða sameiginlega umsýslustofnun eða -stofnanir hafa rétt til að veita eða synja um leyfi til endurvarps á því yfirráðasvæði þar sem rekstraraðili endurvarpsþjónustu er að afla endurvarpsréttinda.
- 17) Réttindi, sem útvarpsfyrirtækin ráða sjálf yfir í tengslum við útsendingar sínar, m.a. réttindi er varða efni dagskrárliða, ættu ekki að heyra undir skyldubundna sameiginlega umsýslu réttinda sem taka til endurvarps. Almennu eru viðskiptatengsl milli rekstraraðila endurvarpsþjónusta og útvarpsfyrirtækja og því þekkja rekstraraðilarnir til útvarpsfyrirtækjanna. Því er það tiltölulega einfalt fyrir þessa rekstraraðila að afgreiða réttindamálgagnvart útvarpsfyrirtækjum. Af þessum sökum fylgir því ekki sama byrði fyrir rekstraraðila endurvarpsþjónustu að afla sér nauðsynlegra leyfa frá útvarpsfyrirtækjum og þegar þeir afla sér leyfa frá rétthöfum verka og annars verndaðs efnis sem er að finna í hljóðvarps- og sjónvarpsefninu sem þeir endurvarpa. Því er ekki nauðsynlegt að einfalda leyfisveitingarferlið að því er varðar réttindi sem útvarpsfyrirtæki fara með. Engu að síður er nauðsynlegt að tryggja að

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 frá 25. nóvember 2015 um ráðstafanir varðandi opinn Netaðgang og um breytingu á tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu og reglugerð (ESB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 310, 26.11.2015, bls. 1).

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/26/ESB frá 26. febrúar 2014 um sameiginlega umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda og leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum á innri markaðnum (Stjtið. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 72).

þegar útvarpsfyrirtæki og rekstraraðilar endurvarpsþjónustu ganga til samninga þá semji þeir í góðri trú um leyfisveitingar að því er varðar réttindi vegna endurvarps sem heyrir undir þessa tilskipun. Í tilskipun 2014/26/ESB er kveðið á um svipaðar reglur sem gilda um sameiginlegar umsýslustofnanir.

- 18) Reglurnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun um réttindi vegna endurvarps, sem útvarpsfyrirtæki fara með varðandi eigin útsendingar, ættu ekki að takmarka möguleika réttihafa til þess að framselja annaðhvort útvarpsfyrirtæki eða sameiginlegri umsýslustofnun réttindi sín og gera þeim þannig kleift að tryggja sér beinan hlut í þeirri þóknun sem rekstraraðili endurvarpsþjónustunnar greiðir.
- 19) Aðildarríki ættu að geta beitt reglum þessarar tilskipunar og tilskipunar 93/83/EBE um endurvarp við aðstæður þegar bæði upprunalega útsendingin og endurvarpið fara fram á yfirráðasvæði þeirra.
- 20) Til þess að tryggja réttarvissu og viðhalda öflugri vernd fyrir réttihafa er rétt að kveða á um að þegar útvarpsfyrirtæki senda dagskrármerki sín með beinni vörpun til merkjadreifingaraðila eingöngu, án þess að senda dagskrárliði sína beint til almennings, og merkjadreifingaraðilarnir senda þessi dagskrármerki til notenda sinna til að þeir geti horft eða hlustað á dagskrárliðina, telst um að ræða eina og sömu miðlunina til almennings sem bæði útvarpsfyrirtækin og merkjadreifingaraðilarnir taka þátt í með sínu framlagi. Bæði útvarpsfyrirtækin og merkjadreifingaraðilarnir ættu því að afla leyfis frá réttihöfum fyrir sínu framlagi til einnar og sömu miðlunar til almennings. Þátttaka útvarpsfyrirtækis og merkjadreifingaraðila í þessari einu og sömu miðlun til almennings ætti ekki að leiða til sameiginlegrar ábyrgðar af hálfu útvarpsfyrirtækisins og merkjadreifingaraðilans vegna þessarar miðlunar til almennings. Aðildarríkjum ætti áfram að vera frjálst að koma á fyrirkomulagi á landsvísi vegna öflunar leyfis fyrir slíkri einni og sömu miðlun til almennings, m.a. vegna viðeigandi greiðslna til viðkomandi réttihafa, með tilliti til nýtingar hvors um sig, útvarpsfyrirtækisins og merkjadreifingaraðilans, á verkunum og öðru vernduðu efni í tengslum við þessa einu og sömu miðlun til almennings. Merkjadreifingaraðilar bera, með svipuðum hætti og rekstraraðilar endurvarpsþjónustu, verulega byrði vegna afgreiðslu réttindamála, þó ekki vegna réttinda sem útvarpsfyrirtækin fara með. Aðildarríkjum ætti því að vera heimilt að kveða á um að merkjadreifingaraðilar njóti góðs af fyrirkomulagi skyldubundinnar sameiginlegrar umsýslu réttinda vegna útsendinga sinna á sama hátt og að sama marki og rekstraraðilar endurvarpsþjónustu njóta vegna endurvarps sem heyrir undir tilskipun 93/83/EBE og þessa tilskipun. Ef merkjadreifingaraðilar láta útvarpsfyrirtækjum einungis í té „tæknilegar leiðir“, í skilningi dómaframkvæmdar Dómstóls Evrópusambandsins, til að tryggja að útsendingin náist eða til að bæta móttöku hennar, ætti ekki að líta svo á að merkjadreifingaraðilarnir taki þátt í miðlun til almennings.
- 21) Þegar útvarpsfyrirtæki senda út dagskrármerki sín beint til almennings, og ljúka þannig upprunalegri útsendingu, og senda á sama tíma þessi merki til annarra fyrirtækja með tæknilegu aðferðinni beinni vörpun, t.d. til að tryggja gæði merkjanna vegna endurvörpunar, skal útsending hinna fyrirtækjanna teljast miðlun til almennings sem er aðskilin frá þeirri sem útvarpsfyrirtækið framkvæmir. Við slíkar aðstæður gilda reglurnar um endurvarp sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og í tilskipun 93/83/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.
- 22) Til að tryggja skilvirka sameiginlega umsýslu réttinda og nákvæma skiptingu tekna, sem innheimtar eru samkvæmt skyldubundna sameiginlega umsýslufyrirkomulaginu, sem er tekið upp með þessari tilskipun, er mikilvægt að sameiginlegar umsýslustofnanir haldi tilhlýðilegar skrár yfir félagsaðila, leyfi og notkun verka og annars verndaðs efnis, í samræmi við gagnsæisskylduna sem sett er fram í tilskipun 2014/26/ESB.
- 23) Til að koma í veg fyrir að hægt sé að sniðganga beitingu meginreglunnar um upprunaland með því að framlengja gildistíma gildandi samninga um nýtingu höfundarréttar og skyldra réttinda, sem eiga við um veitingu viðbótarnetþjónustu og aðgang að eða notkun á þeirri þjónustu, er nauðsynlegt að beita meginreglunni um upprunaland einnig í tengslum við gildandi samninga en þó með umbreytingartímabili. Á umbreytingartímabilinu ætti meginreglan ekki að eiga við í tengslum við gildandi samninga þannig að tími gefist til að aðlagja þá ef nauðsyn krefur í samræmi við þessa tilskipun. Einnig er nauðsynlegt að kveða á um umbreytingartímabil til að gefa útvarpsfyrirtækjum, merkjadreifingaraðilum og réttihöfum tækifæri til að aðlagast nýjum reglum um nýtingu verka og annars verndaðs efnis með beinni vörpun sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar tilskipunar um útsendingu dagskrárliða með beinni vörpun.

- 24) Í samræmi við meginreglurnar um bætta reglusetningu ætti að fara fram endurskoðun á þessari tilskipun, þ.m.t. ákvæðum hennar um beina vörpun, að tilteknum tíma liðnum frá gildistöku hennar, til að meta m.a. ávinning af henni fyrir neytendur Sambandsins, áhrif hennar á skapandi greinar í Sambandinu og á umfang fjárfestinga í nýju efni og þar með einnig ávinning varðandi bætta menningarlega fjölbreytni í Sambandinu.
- 25) Í þessari tilskipun eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Þar eð þessi tilskipun kann að hafa truflandi áhrif á nýtingu réttinda réttihafa, að svo miklu leyti sem skyldubundin sameiginleg umsýsla á sér stað vegna nýtingar réttarins til miðlunar til almennings að því er varðar endurvarpsþjónustu, er nauðsynlegt að mæla fyrir um hnitmiðaða beitingu skyldubundinnar sameiginlegrar umsýslu og takmarka hana við tiltekna þjónustu.
- 26) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að ýta undir veitingu viðbótarnetþjónustu yfir landamæri fyrir tilteknar tegundir dagskrárliða og auðvelda endurvarp hljóðvarps- og sjónvarpsefnis frá öðrum aðildarríkjum, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum. Að því er varðar veitingu viðbótarnetþjónustu yfir landamæri eru útvarpsfyrirtæki ekki skylduð til að veita slíka þjónustu yfir landamæri í þessari tilskipun. Hún skyldar heldur ekki rekstraraðila endurvarpsþjónustu til að bjóða upp á hljóðvarps- eða sjónvarpsefni sem er upprunnið í öðrum aðildarríkjum sem hluta af þjónustu sinni. Þessi tilskipun varðar einungis nýtingu tiltekinna réttinda til endurvarps að því marki sem nauðsynlegt er til að einfalda leyfisveitingar er varða höfundarrétt og skyld réttindi vegna slíkrar þjónustu og í tengslum við hljóðvarps- og sjónvarpsefni sem er upprunnið í öðrum aðildarríkjum.
- 27) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl⁽⁸⁾ hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttmæt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur sem miða að því að bæta aðgang yfir landamæri að fleiri dagskrárliðum í sjónvarpi og hljóðvarpi með því að auðvelda afgreiðslu réttindamála vegna veitingar netþjónustu sem kemur til viðbótar útsendingum á tilteknu hljóðvarps- og sjónvarpsefni, og vegna endurvarps hljóðvarps- og sjónvarpsefnis. Í henni er einnig mælt fyrir um sendingu hljóðvarps- og sjónvarpsefnis með beinni vörpun.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „viðbótarnetþjónusta“: þjónusta á Netinu, af hálfu útvarpsfyrirtækis eða undir stjórn og á ábyrgð útvarpsfyrirtækis, sem felst í því að bjóða almenningi upp á hljóðvarps- og sjónvarpsefni samhliða útsendingu af hálfu útvarpsfyrirtækisins eða í skilgreindan tíma eftir hana, auk hvers konar efnis sem kemur til viðbótar slíkri útsendingu,

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

- 2) „endurvarp“: óbreytt og óstytt samtímaendurvarp, annað en endurvarp um kapal eins og það er skilgreint í tilskipun 93/83/EBE, til almennings á upprunalegri útsendingu hljóðvarps- og sjónvarpsefnis frá öðru aðildarríki sem ætluð er almenningi, þar sem upprunalega útsendingin fer fram um þráð eða þráðlaust, m.a. um gervihnött, en ekki netútsending, að því tilskildu að:
 - a) endurvarpið annist annar aðili en útvarpsfyrirtækið sem sá um upprunalegu útsendinguna, stjórnaði henni og bar ábyrgð á henni, óháð því hvernig aðilinn sem annast endurvarpið nær dagskrármerkjum útvarpsfyrirtækisins til að endurvarpa þeim og
 - b) endurvarpið fari fram í stýrðu umhverfi þegar það fer um netaðgangsjónustu, eins og skilgreint er í 2. lið annarrar málsgreinar 2. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2120,
- 3) „stýrt umhverfi“: umhverfi þar sem rekstraraðili endurvarpsjónustu lætur notendum með tilskilda heimild í té öruggt endurvarp,
- 4) „bein vörpun“: tæknileg aðferð sem útvarpsfyrirtæki notar til að senda dagskrármerki sín til fyrirtækis, annars en útvarpsfyrirtækis, með þeim hætti að dagskrármerkin eru ekki aðgengileg almenningi meðan á útsendingunni stendur.

II. KAFLI

Viðbótarnetþjónusta útvarpsfyrirtækja

3. gr.

Beiting meginreglunnar um upprunaland gagnvart viðbótarnetþjónustu

1. Miðlun til almennings á verkum eða öðru vernduðu efni, um þráð eða þráðlaust, og það að gera verk eða annað verndað efni aðgengilegt almenningi, um þráð eða þráðlaust, með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kys, sem á sér stað þegar almenningi er látið í té:

- a) hljóðvarpsefni og
- b) sjónvarpsefni sem er:
 - i. fréttir og fréttatengdir þættir eða
 - ii. eigin framleiðsla útvarpsfyrirtækisins sem það sjálf hefur fjármagnað að fullu,

innan ramma viðbótarnetþjónustu (e. ancillary online service) af hálfu útvarpsfyrirtækis eða undir stjórn og á ábyrgð útvarpsfyrirtækis og einnig endurgerð slíkra verka eða annars verndaðs efnis sem nauðsynleg er til að veita megi slíka netþjónustu, hafa aðgang að henni eða nota hana vegna sama efnis, skal, að því er varðar nýtingu höfundarréttar og skyldra réttinda sem eiga við að því er slíka miðlun varðar, teljast eiga sér stað eingöngu í því aðildarríki þar sem útvarpsfyrirtækið hefur aðalstarfsstöð sína.

Ákvæði b-liðar fyrstu undirgreinar skal ekki eiga við um útsendingar frá íþróttaviðburðum og á verkum og öðru vernduðu efni sem er að finna í þeim.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að þegar greiðsla er ákveðin fyrir réttindi, sem falla undir meginregluna um upprunaland eins og fram kemur í 1. mgr., taki aðilar tillit til allra þátta viðbótarnetþjónustunnar, s.s. eiginleika þjónustunnar, m.a. hversu lengi efnið í þjónustunni verður í boði á Netinu, hlustenda/áhorfenda hennar og þeirra tungumálaútgáfa sem boðið er upp á.

Fyrsta undirgrein skal ekki útiloka að reikna megi út fjárhæðina á grundvelli tekna útvarpsfyrirtækisins.

3. Meginreglan um upprunaland, sem sett er fram í 1. mgr., skal ekki hafa áhrif á samningsfrelsi réthafa og útvarpsfyrirtækja til að samþykka, í samræmi við lög Sambandsins, takmarkanir á nýtingu slíkra réttinda, þ.m.t. þeirra sem fjallað er um í tilskipun 2001/29/EB.

III. KAFLI

Endurvarp hljóðvarps- og sjónvarpsefnis

4. gr.

Nýting réttar til endurvarps af hálfu annarra rétthafa en útvarpsfyrirtækja

1. Afla skal heimildar til endurvarps dagskrárliða hjá handhöfum einkaréttar til miðlunar til almennings.

Aðildarríkin skulu tryggja að rétthafar geti einungis nýtt sér rétt sinn til að veita eða synja um leyfi til endurvarps í gegnum sameiginlega umsýslustofnun.

2. Hafi rétthafi ekki framselt umsýslu þeirra réttinda, sem um getur í annari undirgrein 1. mgr., til sameiginlegrar umsýslustofnunar skal þessi sameiginlega umsýslustofnun, sem fer með umsýslu réttinda í sama flokki fyrir yferráðasvæði aðildarríkisins, þar sem rekstraraðili endurvarpsþjónustu leitar eftir afgreiðslu réttinda vegna endurvarps, teljast fara með réttinn til að veita eða synja um leyfi til endurvarps fyrir viðkomandi rétthafa.

Fari hins vegar fleiri en ein sameiginleg umsýslustofnun með umsýslu réttinda í þeim flokki fyrir yferráðasvæði þess aðildarríkis skal það vera aðildarríkisins, sem ræður yfir því yferráðasvæði þar sem rekstraraðili endurvarpsþjónustu leitar eftir afgreiðslu réttinda til endurvarps, að ákveða hvaða sameiginlega umsýslustofnun eða -stofnanir skuli hafa rétt til að veita eða synja um leyfi til endurvarps.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að réttindi og skyldur rétthafa, sem leiðir af samningi milli rekstraraðila endurvarpsþjónustu og sameiginlegrar umsýslustofnunar eða -stofnana skv. 2. mgr., séu þau sömu og réttindi og skyldur rétthafa sem hafa gefið þeirri sameiginlegu umsýslustofnun eða -stofnunum umboð sitt. Aðildarríkin skulu einnig tryggja að slíkur rétthafi geti krafist þeirra réttinda innan tímabils sem viðkomandi aðildarríki fastsetur, sem skal ekki vera styttra en þrjú ár frá degi endurvarpsins sem felur í sér verk hans eða annað verndað efni.

5. gr.

Nýting útvarpsfyrirtækja á réttindum til endurvarps

1. Aðildarríkin skulu tryggja að 4. gr. taki ekki til réttinda til endurvarps sem útvarpsfyrirtæki nýtir varðandi sína eigin útsendingu, óháð því hvort það ráði sjálf yfir viðkomandi réttindum eða aðrir rétthafar hafi framselt því þau.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að þegar útvarpsfyrirtæki og rekstraraðilar endurvarpsþjónustu ganga til samninga um leyfi til endurvarps samkvæmt þessari tilskipun skuli samningaviðræðurnar fara fram í góðri trú.

6. gr.

Sáttamiðlun

Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að leita eftir aðstoð eins eða fleiri sáttamiðlara, eins og kveðið er á um í 11. gr. tilskipunar 93/83/EBE, sé enginn samningur fyrir hendi milli sameiginlegu umsýslustofnunarinnar og rekstraraðila endurvarpsþjónustunnar eða milli rekstraraðila endurvarpsþjónustunnar og útvarpsfyrirtækisins um leyfi til endurvarps á útsendingum.

7. gr.

Endurvarp upprunalegrar útsendingar sem er upprunnin í sama aðildarríki

Aðildarríkjunum er heimilt að láta reglur þessa kafla og III. kafla tilskipunar 93/83/EBE gilda í þeim tilvikum þar sem bæði upprunalega útsendingin og endurvarpið eiga sér stað á yferráðasvæði þeirra.

IV. KAFLI

Útsending dagskrárliða með beinni vörpun*8. gr.***Útsending dagskrárliða með beinni vörpun**

1. Þegar útvarpsfyrirtæki sendir út dagskrármerki sín með beinni vörpun til merkjadreifingaraðila, án þess að útvarpsfyrirtækið sjálf sendi samtímis þessi dagskrármerki beint út til almennings, og merkjadreifingaraðilinn sendir dagskrármerkin út til almennings, skulu útvarpsfyrirtækið og merkjadreifingaraðilinn teljast taka þátt í einni og sömu miðluninni til almennings sem þeir þurfa að afla leyfis fyrir hjá réttihöfum. Aðildarríkin mega kveða á um fyrirkomulag við leyfisöflun frá réttihöfum.

2. Aðildarríkin geta kveðið á um að 4., 5. og 6. gr. þessarar tilskipunar gildi, að breyttu breytanda, um nýtingu réttihafa á réttinum til að veita eða synja merkjadreifingaraðilum um leyfi til útsendingar sem um getur í 1. mgr., sem fram fer með einhverri þeirri tæknilegu aðferð sem um getur í 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/83/EBE eða í 2. lið 2. gr. þessarar tilskipunar.

V. KAFLI

Lokaákvæði*9. gr.***Breyting á tilskipun 93/83/EBE**

Í stað 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/83/EBE komi eftirfarandi:

„3. Í þessari tilskipun merkir „endurvarp um kapal“ óbreytt og óstytt samtímaendurvarp til almennings um kapalkerfi eða örbylgjukerfi á upprunalegri útsendingu hljóðvarps- eða sjónvarpsefnis frá öðru aðildarríki, um þráð eða þráðlaust, þ.m.t. um gervihnött, sem er ætlað almenningi, óháð því hvernig rekstraraðili endurvarpsþjónustunnar nær dagskrármerkjum útvarpsfyrirtækisins til að endurvarpa þeim.“

*10. gr.***Endurskoðun**

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 7. júní 2025, láta fara fram endurskoðun á þessari tilskipun og leggja skýrslu með helstu niðurstöðum fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins. Skýrslan skal birt og gerð aðgengileg almenningi á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.

2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni tímanlega í té viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar vegna gerðar skýrslunnar sem um getur í 1. mgr.

*11. gr.***Umbreytingarákvæði**

Samningar um nýtingu höfundarréttar og skyldra réttinda sem eiga við um miðlun til almennings á verkum eða öðru vernduðu efni um þráð eða þráðlaust og um það að gera að verk eða annað verndað efni aðgengilegt almenningi um þráð eða þráðlaust með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs, sem á sér stað þegar látin er í té viðbótarnetþjónusta og einnig við nauðsynlega endurgerð til að veita megi slíka netþjónustu, fá aðgang að henni eða nota hana, sem eru í gildi 7. júní 2021, skulu vera með fyrirvara um 3. gr. frá og með 7. júní 2023 ef þeir renna út eftir þann tíma.

Leyfi sem aflað er vegna miðlunar til almennings, sem falla undir 8. gr. og eru í gildi 7. júní 2021, skulu vera með fyrirvara um 8. gr. frá og með 7. júní 2025 ef þau renna út eftir þann tíma.

12. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 7. júní 2021. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði landslaga sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

13. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

14. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 17. apríl 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. CIAMBA

forseti.
